

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 131/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Vilhelm Úlfari Vilhelmssyni og

Þorsteini Óskari Erlingssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Fuglaveiðar. Fuglafriðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1993 til þyngingar á refsingu, en ákærðu óskuðu áfrýjunar málsins eingöngu til endurskoðunar um ákvörðun viðurlaga.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing sú, sem þar er ákveðin, vera hæfileg, bæði að því er varðar lengd refsingar og fjárhæð sektar. Með hliðsjón af sakaferli ákærða Þorsteins Óskars, en hann hefur aðeins einu sinni hlotið sekt fyrir brot gegn áfengislögum, þykir mega fresta fullnustu tveggja mánaða af refsingu hans, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Vilhelm Úlfar Vilhelmsson og Þorsteinn Óskar Erlingsson, sæti hvor um sig fangelsi þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingu ákærða Þorsteins Óskars, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði hvor um sig 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella hvor um sig fangelsi í 40 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1993.

Ár 1993, föstudaginn 29. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 32/1993: Ákærvaldið gegn Vilhelm Úlfari Vilhelmssyni og Þorsteini Óskari Erlingssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. þ. m., á hendur ákærðu, Vilhelm Úlfari Vilhelmssyni, Efstasundi 61, Reykjavík, fæddum 4. desember 1966, fæðingarnúmer 554, og Þorsteini Óskari Erlingssyni, Reynimel 59, Reykjavík, fæddum 17. mars 1970, fæðingarnúmer 384.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966:

I.

Að hafa í júní 1992 tekið tvo ófleyga fálkaunga úr hreiðri í Axarnúpi í Norður-Þingeyjarsýslu. Ákærðu fóru með ungana með skipinu Norrænu frá Seyðisfirði 18. júní til Danmerkur í því skyni að selja þá, en voru handteknir af lögreglu í Herning, Danmörku, 20. júní.

Telst þetta varða við 8. gr. og 1. mgr. 32. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 47. gr. B laga nr. 75/1982.

II.

Að hafa seint í júní eða júlí 1992 tekið tvo ófleyga smyrilsunga úr hreiðri skammt ofan við Borgarnes. Ákærðu höfðu ungana í kjallaraífbúð ákærða Þorsteins Óskars að Reynimel 59, Reykjavík, þar sem rannsóknarlögreglu-menn fundu þá 8. ágúst 1992.

Telst þetta varða við 8. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 47. gr. B laga nr. 75/1982

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Með skýlausum játningum beggja ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í ákæru. Aflífa þurfti annan fálkaungann, þar sem hann var fótbrotninn á hægri fæti. Var það gert í Danmörku. Hinn unginn var sendur aftur til Íslands. Náttúrufræðistofnun mælti með því að aflífa annan smyrilsungann, en stélfjaðrir í hægri helmingi stéls og flugfjaðrir hægri vængs voru mikið skaddaðar og báru þess merki að hafa sviðnað. Mælt var með því af stofnuninni, að hinum yrði sleppt út í náttúruna.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði Vilhelm Úlfar var dæmdur 12. október 1989 í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára, fyrir brot á 249. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann dæmdur í sektargreiðslur fyrir ölvunarakstur á árunum 1984 og 1986, í eitt skipti hvort ár, og sætti þá jafnframt sviptingu ökuleyfis. Loks hefur ákærði Vilhelm Úlfar gengist fimm sinnum undir sektargreiðslur með dómsátt á árunum 1985 til 1991, fjórum sinnum fyrir brot á umferðarlögum og einu sinni fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Þorsteinn Óskar gekkst með dómsátt á árinu 1991 undir að greiða sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Öðrum refsingum en að framan greinir hafa ákærðu ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Skilorðstími samkvæmt dómi ákærða Vilhelms Úlfars er liðinn, en réttarrannsókn hófst ekki í máli þessu innan skilorðstíma, svo sem áskilið er í 1. mgr. 59. gr. almennra hegningarlaga. Verða ákærða því ákvörðuð viðurlög í þessu máli án þess að fella refsinguna samkvæmt áðurgreindum dómi inn í refsingu hans nú, enda þótt brot ákærða í máli þessu hafi verið framin á skilorðstímanum.

Ákærðu verða ákvörðuð viðurlög í máli þessu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir það verka refsingum ákærðu til þyngingar, að þeir frömdu fyrri brot sín gegn viðkvæmri náttúru landsins í þeim tilgangi að hagnast verulega á þeim og gerðu sér sérstaka ferð til landsins frá Danmörku í þessu skyni. Þá verður ekki annað séð en fuglarnir hafi sætt illri meðferð ákærðu, á meðan þeir höfðu þá í vörslum sínum. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi og 200.000 króna sekt, en sektargreiðslur ákveðast með hliðsjón af 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, og greiðist þær ekki innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, skulu ákærðu sæta í þeirra stað hvor um sig fangelsi í 40 daga.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt,

þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Vilhelm Úlfar Vilhelmsson og Þorsteinn Óskar Erlingsson, sæti hvor um sig fangelsi í þrjá mánuði.

Þá greiði ákærðu hvor um sig 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella hvor um sig fangelsi í 40 daga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.
